

## Minnisblað-Guðrún

**Málsaðili** : Guðjón Steinar Garðarsson  
**Tengiliður** :  
**Dagsetning** : 06.09.2016  
**Númer** : 1608834  
**Flokkur** :

**Efni** : Hverfisgata 4b og 6b ? fyrirspurn um breytingu á lóðarmörkum. ? 1608834

Guðjón Steinar Garðarsson leggur inn fyrirspurn 29.08.2016 um breytingu á lóðamörkum á Hverfisgötu 4b og 6b.

### Minnispunktur:

Sami eigandi (þ.e. umsækjandi) er að báðum eignum

Ósk um að lóðarmörkum verði breytt þannig að lóð Hverfisgötu 6b verði stækkuð og lóð Hverfisgötu 4b verði minnkuð

Breyting á lóðarmörkum miðist við að bílskúr 4b heyri undir 6b og að á lóð 4b verði aðeins gert ráð fyrir einu bílastæði við húsið neðanvert. Að öðru leyti myndi lóð, sem nú tilheyrir 4b, tilheyra lóð 6b.

Lóðarmörkum þessara lóða var síðast breytt með breytingu á deiliskipulagi árið 2007, í kjölfarið voru bílskúrar lóðanna byggðir. Á sama tíma fékkst leyfi til stækkunar á íbúðarhúsinu við Hverfisgötu 4b, sem ekki hefur verið nýtt.

Hverfisgata 4b nú:

Einbýlishús, byggt 1984

Stærð íbúðarhúss: 64,7 m<sup>2</sup>

Bílskúr: 80,0 m<sup>2</sup>

Stærð lóðar: 295,8 m<sup>2</sup>

Nh skv. samþykktu dsk: 0,61

Hverfisgata 6b nú

Einbýlishús, byggt 1908

Stærð íbúðarhúss: 212,2 m<sup>2</sup>

Bílskúr: 80,0 m<sup>2</sup>

Stærð lóðar: 414,4 m<sup>2</sup>

Nh skv. samþykktu dsk: 0,73

Ábendingar:

Fjarlægð íbúðarhúss Hverfisgötu 4b að nýjum lóðarmörkum skal vera að lágmarki 3 metrar.

Nýtingarhlutfall lóðarinnar Hverfisgötu 4b verður  
hærra en gert er ráð fyrir í samþykktu deiliskipulagi.

Guðrún Guðmundsdóttir, 6.9.2016